

22. nóvember 2024.

Mál nr. 6/2024

Áfrýjunardómstóll ÍSÍ.

Skautafélag Reykjavíkur

gegn

Íshokkísambandi Íslands

Með bréfi dagsettu 11. nóvember 2024 krafðist áfrýjandi Skautafélag Reykjavíkur (SR) að úrskurði dómstóls ÍSÍ frá 6. nóvember sl. í máli nr. 9/2024, um að vísa frá máli félagsins gegn stefnda Íshokkísambandi Íslands (ÍHÍ) yrði felldur úr gildi.

Undirritaður dómforseti tekur málið til meðferðar á grundvelli greinar 27.2. í lögum ÍSÍ sbr. gr. 34.3.

Dómkröfur áfrýjanda voru eftirfarandi: „aðallega að úrskurður dómstóls ÍSÍ verði ógiltur og til vara að aganefnd ÍHÍ verði gert að endurupptaka málið en gefa málsaðilum kost á að skila greinargerðum og halda uppi vörnum.

Eins og rakið er í úrskurði dómstóls ÍSÍ var úrskurður aganefndar kveðinn upp 3. október 2024. Kæra barst dómstólnum 4. nóvember 2024. Þá var kærufrestur liðinn samkvæmt ákvæði 24.1. Í forsendum hins kærða úrskurðar er m.a. vísað til þess að ekki séu fyrir hendi ástæður til að veita leyfi til að mál sé höfðað eftir að kærufrestur er liðinn.

Með vísan til þessa og að öðru leyti til forsendna hins kærða úrskurður verður hann staðfestur.

Úrskurðarorð

Staðfestur er úrskurður dómstóls Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands um að vísa þessu máli frá domi.

